

Flokkar endurvinnanlegs úrgangs.

Skilað á móttökustað eða í móttökugáma.

PAPPÍR:

Í þennan flokk má fara: Dagblöð, tímarit og annar glanspappír, prentpappír, umslög (líka gluggaumslög), og umbúðapappír. **Ekki handburrkur og eldhúspappír.** Pappírinn má ekki vera blautur og ekki í umbúðum úr plasti eða öðrum efnum.

Pappi. (sléttur og bylgju)

Í þennan flokk má fara: Morgunkornspakkar, eggjabakkar, kassar utan af kexi, bylgju pappakassar eða sambærilegar umbúðir úr öllum pappa. **Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem leynast í pappaumbúðum og skola, pappinn má ekki vera blautur eða óhreinn.** Hefti og smærri gormar eru óskaðleg.

Fernur:

Í þennan flokk má fara: Allar fernur, með og án álfilmu. **Munið að skola vel fernurnar og láta þorna.**

Ólitað plast: (Glært plast)

Í þennan flokk má fara: Allt plast sem er glært og mjúkt, **enginn litur eða stafir.** Til dæmis plastfilma, plastpokar og aðrar plastumbúðir sem eru mjúkar. Límmiðar eru í lagi. **Plastið þarf að vera án matarleifa. Fer í sama op á flokkunargámunum (Ekki á Skeiði) og litað plast, æskilegt að setja ólitað plast í ólitaða plastpoka í gámana.**

Litað plast:

Í þennan flokk má fara: Allt plast sem er mjúkt og litað. Til dæmis innkaupapokar og plast utan af kexi. **Hafa þarf í huga að hvítt plast er litað. Plastið þarf að vera án matarleifa. Fer í sama op á flokkunargámunum (Ekki á Skeiði) og ólitað, æskilegt að setja litað plast í litaða plastpoka í gámana.**

Hart plast:

Í þennan flokk má fara: Sjampóbrúsar, tómatsósuflokskur, ílát undan mjólkurvörum, ílát undan hreinsiefni og fl. **Umbúðir verða að vera án matarleifa eða annarra óhreininda. Athugið að ekki er hægt að endurvinna frauðplast (einangrunarplast) .**

Athugið:

Mikilvægt er að vanda flokkunina eins og mögulegt er, það sparar vinnu. Ekki setja neitt í stóru pokana í plastumbúðum, nema plastið eins og leiðbeiningarnar hér að ofan segja. Plast og ál saman er ekki endurvinnanlegt td. Prins Póló umbúðir, flestir kaffipokar og fl.

A.T.H. Það er bannað að setja endurvinnanlegan úrgang í ílát fyrir sorp til urðunar.